



Nefndarsvið Alþingis  
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/1427**  
**komudagur 8.2.2013**

Reykholti, 8. febrúar 2013  
1302001 VV

**Efni: Umsögn Bláskógabyggðar um frumvarp til náttúruverndarlaga - þingskjal 429.**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur tekið til skoðunar framlagt frumvarp til náttúruverndarlaga, þingsmál 429. Jafnframt vísar Bláskógabyggð til fyrri umsagnar sveitarstjórnar við drög að frumvarpi sem kynnt var síðasta haust, en sveitarstjórn sendi ráðuneytinu umsögn sína í byrjun október 2012.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar lýsir yfir vonbrigðum sínum, hvað lítið hefur verið tekið tillit til þeirra ábendinga sem hún sendi síðast liðið haust. Þó hefur verið brugðist við einstaka atriðum sem ber að þakka fyrir. Það koma þó fram viðbætur í frumvarpinu sem miða hreinlega að því að skerða skipulagsvald sveitarfélaga og verður vikið að því síðar í þessu bréfi.

Hér verður gerð grein fyrir athugasemdum sveitarstjórnar Bláskógabyggðar við einstaka greinar frumvarpsins

**15. grein – Náttúruverndarnefndir:**

Náttúruverndarnefndir eru starfsnefndir sveitarfélaga og er því nauðsynlegt að halda því til haga að sveitarstjórn fer með fyrirvarp fyrir sveitarfélag en ekki starfsnefndir. Ekki er ásættanlegt að starfsnefndum sveitarfélaga verði mörkuð staða sem taki fram fyrir valdheimild og sjálfstjórn sveitarstjórnar. Í nokkrum öðrum greinum er vísað til hlutverka og heimilda náttúruverndarnefnda og þær settar í raun skörinni hærra en sveitarstjórnir. Þessari tilhögun er mótmælt harðlega.

**IV. kafli – Almennaréttur, útivist og umgengi**

Frumvarpið allt er mjög smásmugulegt, en hér verður að gera þeim þætti sérstaklega skil sem IV. kafli frumvarpsins tekur til, s.s. um heimildir almenninga til að tjalda/dvelja í einkalandi fólks. Mjög sérstakar greinar eru í þessum kafla og spurning hvort almennaréttur eigi ekki að vera sá sami í þéttbýli á lóðum íbúa þar. Almennaréttur skv. frumvarpinu er að tjalda í einkalandi þótt skipulögð tjaldsvæði séu í nágrenninu. Ekki er hægt að vísa á þau, einungis hægt að vísa á tjaldsvæði sem eignaraðilinn að landi hefur sjálfur byggt upp. Mjög sérstakt að gera tillögu um slíkar lagagreinar og eðlilega munu menn velta fyrir tilgangi og hvötum til að setja slíkar greinar í frumvarp sem þetta í svo miklum smáatriðum.

**25. grein – Takmörkun umferðar:**

Hér þarf að huga að skörun við valdheimildir sveitarfélaga og skipulags-/byggingarfulltrúa. Eðlilegt væri að Umhverfisstofnun væri bundin samráði við sveitarstjórnir eða skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélaga við meðferð mála samkvæmt þessum greinum. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar getur ekki sætt sig við að skipulagsvald sveitarfélaga verði skert og gerir því athugasemdir við umræddar greinar frumvarpsins.

**31. – Akstur utan vega og á vegslóðum.**

Allar ákvarðanir um hvaða leiðir eru nýttar til samgangna eða lokaðar eru í eðli sínu skipulagsmál og heimildir til aksturs utan vega. Allar stjórnvaldsákvarðanir samkvæmt þessari grein þurfa að vera gerðar í samráði og í samstarfi við sveitarfélög. Eins og greinin birtist í frumvarpinu er verið að skerða skipulagsvald sveitarfélaga og sveitarstjórn Bláskógabyggðar mótmælir því.

**33. og 34. grein – Náttúruminjaskrá og endurskoðun hennar.**

Við gerð og endurskoðun náttúruminjaskrár ætti að vera fast inn í verkferlum að höfð sé hliðsjón af aðalskipulagi sveitarfélaga og skuldbundið verði samráð milli sveitarfélaga og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Það myndi tryggja samræmi í opinberum áætlunum sem hlýtur að vera það sem ríkisvald og sveitarstjórnir ættu að sammælast um.

**37. grein – Réttaráhrif skráningar minja á náttúruminjaskrá.**

Það er ótækt að ráðherra geti lagt bann á framkvæmdir tímabundið og að hámarki í 5 ár án þess að friðun eða friðlýsing sé auglýst. Það getur ekki talist eðlilegt að ráðherra á hverjum tíma hafi slíka valdheimildir sem augljóslega getur skarast við skipulagsvald sveitarfélaga. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hafnar þessari framsetningu og hugsun algerlega. Þennan þátt verður að lagfæra þannig aðkoma sveitarfélags verði tryggt og að slíkt gerræðisvald ráðherra verði ekki að veruleika. Taka verður mið af reynslunni og átta sig á því að ekki má færa slíkt vald í hendur eins aðila sem hefur ráðherraembætti á pólitískum forsendum. Við búum í lýðræðislegu réttarríki og krefjumst þess að annar háttur verður hafður á.

**55. grein – Friðlýsing heilla vatnakerfa.**

Greinin fjallar um valdheimildir ráðherra til að friðlýsa heilu vatnakerfin, að undanskildum svæðum sem falla í nýtingarflokk rammaáætlunar. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir athugasemdir við þessa framsetningu og telur eðlilegt að undantekning verði einnig gerð á svæðum sem falla undir biðflokk.

**57. grein – Sérstök vernd tiltekinna vistkerfa og jarðmyndana.**

Í a-lið þessarar greinar skal allt votlendi njóta verndar sem nær yfir einn hektara að stærð sem er lækkun á stærðarmörkum úr þremur hekturum. Þetta mun valda því að sérstökum verndarsvæðum mun fjölga verulega og kallar á aukin verkefni í skipulagsvinnu sveitarfélaga. Svo þröng stærðarmörk orka verulega tvímælis. Í greininni er verið að fjölga verndarflokkum og má gagnrýna grundvöll sumra þeirra s.s. leifar birkiskóga.

Í 3. mgr. greinarinnar segir „Óheimilt er að raska vistkerfum og jarðmyndunum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. nema brýna nauðsyn beri til og sýnt þyki að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi“. Þessi grein mun skerða verulega nýtingarmöguleika



landeigenda og að auki þrengja að skipulagsvaldi sveitarfélaga. Mikil umræða hefur átt sér stað um „verðmætt“ landbúnaðarland í vinnu við gerð Landsskipulagsstefnu. Nauðsynlegt er að gengið sé í takt og átta sig á því að hvað þetta ákvæði myndi t.d.skerða mikið möguleika á að nýta land til akuryrkju m.m. Bláskógabyggð getur ekki annað en mótmælt þessu og einnig því að ávallt skuli leita umsagnar Náttúrufræðistofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar áður en framkvæmdaleyfi er gefið út. Álit þessara aðila munu liggja fyrir á fyrri stigum mála, s.s. í tengslum við gerð skipulagsáætlana og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Þessi háttur mun einungis tefja fyrir og þyngja afgreiðslu mála. Ekki er hægt að sjá að neitt annað sé á þessu að græða en að auka kerfislegt flækjustig.

### 68. grein – Gerð skipulagsáætlana.

Hér er nauðsynlegt að kveðið sé skýrt á um tímafrest fyrir umsagnaraðila, til að skila inn umsögnum. Gerð er ströng krafa til sveitarfélaga um gerð umsagna og tímaramminn oft knappur. Rétt er að hafa sömu reglu varðandi aðra umsagnaraðila og tímarammi verður settur í lögum. Eðlilegur tími væri 30 – 45 dagar.

Einnig er mótmælt harðlega þeirri aðför sem gerð er að skipulagsvaldi sveitarfélaga í síðustu málsgrein 68. greinar frumvarpsins. Þessi málsgrein er viðbót við áður kynnt drög að frumvarpi. Umrædd málsgrein er birt svo:

*..Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár er bindandi við gerð skipulagsáætlana. Sveitarstjórnir skulu, þegar við á, samræma gildandi svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir framkvæmdaáætluninni innan fjögurra ára frá samþykkt hennar.*

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar getur ekki fallist á þessa framsetningu og mótmælir henni. Jafnframt er óskað eftir því að hún verði felld brott eða sett fram með þeim hætti að réttur sveitarstjórna sé tryggður. Einnig þarf þá að gera orðalagsbreytingar í greinum VI. kafla frumvarpsins, þar sem réttarstaða sveitarstjórna verður bætt.

Hér með er umsögn sveitarstjórnar Bláskógabyggðar komið á framfæri við umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Það er mat sveitarstjórnar Bláskógabyggðar að frumvarpið í núverandi mynd sé engan veginn í stakk búið til afgreiðslu sem heildarlög á Alþingi.

Virðingarfyllt,

Valtýr Valtýsson  
sveitarstjóri Bláskógabyggðar